

Nd.

187. Frumvarp til laga

[85. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Sigurvin Einarsson, Ágúst Þorvaldsson, Halldór E. Sigurðsson, Björn Pálsson.

1. gr.

4. málsgrein 7. gr. laganna orðist svo:

Lán til húsa er heimilt að veita í áföngum, eftir að hús er fokhelt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum er bannað að lána út á byggingar í sveitum, fyrr en þær eru fullgerðar, að undanskildum lánum til íbúðarhúsa. Hér er um að ræða óhentugt fyrirkomulag, sem bæta þarf úr.

Algengast er að hefja útihúsabyggingar að vori, þó að slíkt fari alltaf eftir tíðarfari og fleiru. Bændum, sem ráðast í slíkar framkvæmdir, er yfirleitt nauðsynlegt að fá stofnlán fyrir áramót. Slík lán eru nú aðeins veitt í heilu lagi og ekki fyrr en framkvæmd er lokið. Möguleikinn til að fá lán á árinu er því einungis fyrir hendi, takist að ljúka framkvæmdinni að fullu fyrir miðjan nóvember eða um það bil, þ. e. svo snemma, að hægt sé að afhenda Stofnlánadeildinni vottorð byggingafulltrúa og virðingargjörð í tæka tíð.

Til þess að ná þessu marki verða menn oft á tíðum að leggja í aukakostnað við vinnu og fleira, og verða byggingarnar af þessum ástæðum dýrari en ella. Þó getur svo farið vegna tíðarfars og af öðrum ástæðum, að ekki takist að ljúka verkinu á tilsettum tíma, og verður bóndinn þá af láninu í það sinn og getur orðið að bíða jafnvel heilt ár í viðbót. Nú eru líka mörg útihús, t. d. fjós og fjárhús, það stór og mikið til þeirra vandað á ýmsan hátt, að tæpast er rétt að gera ráð fyrir, að þeim verði lokið á einu ári.

Flm. telja því, að breyta beri lögnum á þá leið, að veita megi stofnlán til útihúsa í áföngum, þannig að hægt sé að fá verulegan hluta láns, þegar hús er fokhelt, og að veitt verði viðbótarlán síðar.

Flm. er ljóst, að fleiri breytingar þyrfti að gera á lögum þessum. T. d. þyrfti að lengja lánstímann og lækka vexti. En þar sem kunnugt er um ágreining á Alþingi um þau mál, telja flm. eftir atvikum ráðlegt, að þetta frumvarp fjalli um þá breytingu eina, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.